

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Október 2022

Skráð atvinnuleysi í október var 2,8% og var óbreytt frá september

Skráð atvinnuleysi var 2,8% í október og var óbreytt frá september. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 188 frá septembermánuði.

Að meðaltali var 5.221 atvinnulaus í október, 2.883 karlar og 2.338 konur.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í október eða 4,8% og var óbreytt frá september. Næst mest var atvinnuleysið 3,0% á höfuðborgarsvæðinu.

Minnst var atvinnuleysi í október á Norðurlandi vestra 0,8%, á Vestfjörðum og Austurlandi 1,4% og á Vesturlandi 1,3%.


Alls voru 2.430 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok október og fækkaði um 75 frá september.

Í október 2022 gaf Vinnumálastofnun út 377 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 306 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 235 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 142 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 43 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í október 2022 með samtals 264 starfsmenn.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni ekki breytast mikið í nóvember og vera á bilinu 2,8% til 3,1%.

Þróun atvinnuleysis okt. 2020 til okt. 2022



Atvinnuástand eftir landshlutum


Á höfuðborgarsvæðinu minnkaði atvinnuleysi um 0,2 prósentustig og var 3,0% í október. Atvinnuleysi á landsbyggðinni sem heild jókst um 0,1 prósentustig frá september og var 2,3% í október. Atvinnuleysi á landinu öllu var óbreytt frá september og var 2,8% í október.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í október eða 4,8% eða óbreytt frá september. Næst mest var atvinnuleysið 3,0% á höfuðborgarsvæðinu. Í flestum landshlutum jókst atvinnuleysi lítilsháttar frá september en á Suðurlandi minnkaði atvinnuleysi lítilsháttar eða um 0,1 prósentustig og var 1,6% í október.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 0,8%, á Vesturlandi 1,3% og á Vestfirðum og Austurlandi 1,4%. Á Norðurlandi eystra mældist atvinnuleysið 2,1% í október og jókst úr 1,9% í september.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í september og október.

Almennt atvinnuleysi eftir landshlutum




Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á þremur svæðum, á höfuðborgarsvæðinu þar sem það var 3,1% meðal karla og 3,0% meðal kvenna, á Vestfirðum þar sem það var 1,5% meðal karla og 1,2% meðal kvenna, á

Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 0,9% og atvinnuleysi kvenna 0,7%. Á Austurlandi var atvinnuleysi karla og kvenna jafnt eða 1,4%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í október.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 5.522 í lok október, 2.994 karlar og 2.528 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 48 frá septemberlokum og atvinnulausum konum fækkaði um 68.

Alls voru 400 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok október og hefur þeim fækkað um tvo frá septemberlokum. Í október 2021 var fjöldi atvinnulausra á þessum aldri hins vegar 976.


Lengd á skrá

Alls hafði 2.281 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok október og fjölgaði um tvo frá september. Hins vegar voru þeir 4.252 í októberlok 2021.

Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði fækkaði frá september um 274 og voru 1.420 í lok október. Í lok október 2021 var þessi fjöldi hins vegar 2.053.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 2.430 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok október og fækkaði um 75 frá september. Þessi fjöldi samsvarar um 5,5% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Almennt var fækkun atvinnulausra miðað við uppgöfnar upplýsingar um atvinnugrein á bilinu 11% til 15% en óskilgreind flokkun á atvinnugrein var hins vegar 1.056 og jókst úr 898 í september. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var um 44% í október.



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.220 sem er um 50% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar, Lettar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok okt. 2022




Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleyfi

Atvinnuleyfi

Í október 2022 gaf Vinnumálastofnun út 377 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 306 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 235 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 142 leyfi voru framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í október, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérstakra ástæðna eða 142 leyfi. Þá voru gefin út 73 námsmannaleyfi og 58 sérfræðileyfi. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í október voru flest leyfi gefin út vegna sérfræðistarfa eða 33%, 24% vegna starfa verkafólks og 22% vegna þjónustustarfa. Um 21% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í október 2022



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 43 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í október 2022 með samtals 264 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 780 í október á vegum 19 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 50%, 19% frá Lettlandi og 14% frá Litháen. Þeir sem eftir standa eða um 17% starfsmanna komu frá 11 öðrum ríkjum.

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í október voru 520 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 17 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfðborgarsvæðinu eða 342 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra